

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 27. apríl kl. 13:00 var haldinn 290. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir og Eyþór Laxdal Arndals, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Lilja B. Ágústsdóttir

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Staðfestingu fundargerða frestað.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir drögum að ársfjórðungsyfirliti, stöðu fjármögnunar og stöðu á álmörkuðum. Umræður.
3. Lagt fram minnisblað um Carbfix. Umræður.
4. Grettir Adolf Haraldsson, verkefnisstjóri, Magnea Guðmundsdóttir og Atli Bollason, hönnuðir, mættu til fundarins kl 14:00 og kynntu svohljóðandi tillögu um framkvæmdir í Elliðárdal. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að láta vinna hönnunaráfanga 2.2 að sögu- og tæknisýningu í Elliðárdal á grundvelli hönnunarhandbókar (hönnunaráfanga 0). Áfangi 2.2 felur í sér endurbætur og breytingar á húsunum á torfunni (smiðju, fjósi, hlöðu, skemmu, gömlu rafstiðinni, stöðvarstjórahúsini) auk nýbyggingar úr gleri sem tengir saman smiðju og hlöðu. Undir áfangann fellur enn fremur hönnun sem snertir gufuborinn Dofra og höggborinn svonefnda auk hlífðarskýlis og sýningaráhönnun fyrir ofangreind hús. Áætlaður kostnaður við áfangann er 50 milljónir króna f. utan vsk.

Samþykkt samhljóða.

5. Kristjana Kjartansdóttir forstöðumaður ferla og umbóta mætti til fundarins kl 14:15 og kynnti gæðastefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Hún lagði til að stefnan yrði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða.
6. Formaður gerði grein fyrir úrvinnslu ábendinga starfsmanna til stjórnar í kjölfar umræðufundar starfsmanna haustið 2018. Umræður. Samþykkt að fela formanni og varaformanni að ræða við formann starfsmannafélags OR um hugmyndir um áheyrnarfulltrúa STOR.
7. Mat á störfum stjórnar og forstjóra. Formaður leggur til að Mannauði og menningu verði falið að senda spurningakannanir á stjórn, sem fylli út hver fyrir sig og fari svo saman yfir niðurstöður. Samþykkt.
8. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 22. apríl s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 20. apríl s.l. Umræður.
9. Klukkan 15:00 mættu til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri, Hólmfríður Bjarnadóttir, umhverfisstjóri Veitna, Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna og Kári Helgason, sérfræðingur í rekstri rannsóknaverkefna og kynntu lykilverkefnið „Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðunnar.“ Umræður.

*Hólmfríður
Bjarnadóttir
Veitna
Gestur Pétursson
Kári Helgason*

Lykilverkefnið „Áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi samstæðunnar.“

1

1

BP

10. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 23. apríl 2020 um starfsemina á milli stjórnarfunda.

11. Önnur mál.

- Lagt fram erindi endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 16. apríl 2020.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:40.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 25. maí 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Lilja Björg Ágústsdóttir.



Valgarður Lyngdal Jónsson
Hallföra l. Forvaltard. mér sýn

